

Nd.

789. Frumvarp til laga

[464. mál]

um breytingu á barnalögum, nr. 9/1981.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ólafur G. Einarsson, Guðrún Helgadóttir, Guðmundur Einarsson, Guðrún Agnarsdóttir, Ólafur Þ. Þórðarson.

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 29. gr. laganna komi ný málsgr. svohljóðandi:

Hafi foreldrar barns fengið skilnað erlendis og svo háttar til að því foreldri, sem ekki hefur forsjá barns, hefur ekki verið gert að greiða meðlag með því, t. d. vegna fjárhagsörðugleika, getur valdsmaður úrskurðað meðlag til forsjáforeldris á hendur Tryggingastofnun ríkisins, enda leggi það fram hið erlenda skilnaðarleyfi eða skilnaðardóm fyrir valdsmanninn. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir greiðslur þessar hjá föður eftir því sem fært reynist.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að í þeim tilvikum, þegar ekki reynist unnt að afla meðlagsúrskurðar eftir skilnað foreldra á hendur þess foreldris er ekki hefur forsjá barns, geti valdsmaður úrskurðað meðlag á hendur Tryggingastofnun ríkisins til þess foreldris sem hefur forsjá barns með höndum. Slík tilfelli eru fyrir hendi þegar foreldri barns hefur fengið skilnað erlendis og það foreldri, er ekki hefur forsjá barns, hefur, samkvæmt skilnaðardómi í sínu landi, ekki verið dæmt meðlagsskyld.

Samkvæmt ákvæðum barnalaga getur valdsmaður úrskurðað meðlag á hendur Tryggingastofnun ríkisins ef barnsmóðir fær að mati valdsmanns fullnægjandi sönnur á faðerni barns þar sem hún á lögheimili en barnsfaðir er heimilisfastur erlendis eða ókunnugt er um heimilisfang hans.

Sé meðlagsskyldur aðili hins vegar búsettur erlendis og hefur samkvæmt skilnaðardómi í sínu landi ekki verið dæmdur meðlagsskyldur eru ekki lagaskilyrði fyrir íslensk stjórnvöld til þess að úrskurða hann meðlagsskyldan skv. 8. gr. samnings milli Norðurlanda um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, sbr. lög nr. 29/1931, um staðfestingu á þeim samningi. Engar lagaheimildir eru heldur fyrir hendi til þess að úrskurða greiðslu meðlags eða barnalífeyris á hendur Tryggingastofnun ríkisins eins og unnt er varðandi óskilgetin börn.

Ljóst er að réttarstaða skilgetinna og óskilgetinna barna til greiðslu á lífeyri er ekki sú sama að þessu leyti. Tilgangurinn með flutningi þessa frumvarps er að leiðrétta þennan mismun þannig að valdsmaður geti einnig úrskurðað á hendur Tryggingastofnun ríkisins meðlagsgreiðslur vegna skilgetinna barna þegar ljóst er að ekki er hægt að afla meðlagsúrskurðar á hendur forsjárlausu foreldri.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Innheimtustofnun sveitarfélaga geti innheimt greiðslur þessar hjá föður barns, eftir því sem fært reynist, en sambærilegt ákvæði er að finna í 34. gr. barnalaganna þegar valdsmaður úrskurðar barnsmóður meðlag á hendur Tryggingastofnun ríkisins vegna óskilgetins barns þegar barnsfaðir er heimilisfastur erlendis eða ókunnugt er um heimilisfang hans.

Ákvæði þessa frumvarps, ef að lögum verður, munu hafa lítinn kostnað í för með sér. Samkvæmt upplýsingum, sem fyrir liggja, er fremur fátítt að við skilnað sé ekki hægt að afla meðlagsúrskurðar á hendur forsjárlausu foreldri.